




Sýning á málverkum Reykjavíkurborgar

Gunnlaugur Scheving á nokkrar myndir á sýningunni að Kjarvalsstöðum. Hér eru tvær, sú stærri nefnist Gamlabúðin í Grindavík en sú minni Sjómaður. (Ljósm. Þjv. eik)

Í dag verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á 56 listaverkum sem eru í eigu Reykjavíkurborgar. Er þar að finna myndir frá því upp úr 1910 og allt fram til þessa árs.

Alls eiga 36 myndlistarmenn verk á þessari sýningu sem Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur hefur sett upp í félagi við þá Guðmund Benediktsson og Gunnar Örn Gunnarsson. Myndirnar eru flestir teknar af veggjum hinna ýmsu borgarskrifstofa og stofnana en sumar koma úr geymslum og hafa sjaldan sést.

Um tilgang sýningarinnar segir Aðalsteinn í sýningarskrá: — Á þessari sýningu höfum við reynt, eftir því sem efni og aðstæður leyfðu, að setja nokkur þau málverk sem Reykjavíkurborg á í lauslegt sögulegt samhendi, einkum til þess að gefa erlendum gestum einhverja mynd af þróun íslenskrar málaralistar síðustu 60 árin...

Sýningin er opin á venjulegum opnunartíma Kjarvalstaða fram til 23. ágúst. —ÞH

Uppákomur á norrænni menningarviku nyrðra

Í lok þessarar viku hefst í fimm kaupstöðum norðanlands norræn menningarvika þar sem heimamönnum og ferðafólki gefst kostur á að sjá og njóta margvíslegrar listmenningar frá flestum norðurlandanna.

Það eru norrænu félögin á Akureyri, Dalvík, Húsavík, Ólafsfirði og Siglufirði ásamt bæjarfélögunum sjálfum, sem að þessari viku standa og leggja bæjarsjóðirnir fram helming fjárframlags á móti framlagi frá norræna menningarmálasjóðnum, en styrkur hlaust úr þeim sjóði til þessa framtaks, að jafnvirði 50.000 króna danskra.

Menningarvikan, sem sett verður í íþróttaskemmunni á Akureyri á laugardaginn, verður með nokkuð léttari blæ en tíðkast hefur, ekki síst með tilliti til þess að í vor var haldin tónlistarhátíð á Akureyri með klassískri tónlist að uppistöðu.

Einhver viðburður verður á hverjum degi á Akureyri þessa viku, en á hverjum hinna staðanna verða slíkir viðburðir þrjú kvöld. Að auki má svo gera ráð fyrir að breytingar verði á dagskrá gefist listafólki kostur á að bæta við, — einkum má gera ráð fyrir síðdegisuppákomum án fyrirvara, og er ráðgert að slíkar uppákomur kunni að verða daglegt brauð á Ráðhústorginu á Akureyri. Þannig mega Norðlendingar eiga von á því að heyra vísnasöng á götum úti eða vera fyrirvaralaust staddir á jazztónleikum utan dyra alla næstu viku.

Eins og fyrr segir tekur listafólk frá flestum norðurlandanna þátt í þessari menningarviku. Hingað kemur danski leikflokkurinn Smedjen, Olli Ahvenlahti og jazzkvartett hans koma frá Finnlandi, vísnasöngvarar koma frá Svíþjóð svo nokkuð sé nefnt. Þá verður opnuð á Akureyri á laugardaginn finnsk myndlistarsýning, en jafnframt sýning á málverkum ýmissa norðlenskra listmálara. Brúðuleikhús Jóns Guðmundssonar sýnir, og eins Alþýðuleikhúsið. Philiph Jenkins pianóleikari og Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari leika norræn lög og Kristján Jóhannsson óperusöngvari mun koma fram.

Fleiri atriði verða, en dagskráin verður nánar auglýst í norðlenskum blöðum og borin út í öll hús á stöðunum fimm. Einnig verða götuauglýsingar. Miðasala hefst í miðri þessari viku, en aðgöngumiðaverð á einstaka viðburði verður frá kr. 500 fyrir börn og 1000 til 1500 fyrir fullorðna

Það er samstarfsnefnd norrænu félaganna á Akureyri, Dalvík, Húsavík, Ólafsfirði og Siglufirði og fulltrúa viðkomandi bæjarfélaga, sem starfað hefur að undirbúningi og skipulagningu þessarar menningarviku, en formaður nefndarinnar er Bárður Halldórsson menntaskólakennari á Akureyri. Framkvæmdastjóri menningarvikunnar er Ólafur Rafn Jónsson.

NORRÆNIR BÍLASALAR ÞINGA

Á miðvikudaginn voru haldnir hér í Reykjavík ársfundir samtaka þeirra aðila sem fást við bílaiðnað, —sölu og -þjónustu á Norðurlöndunum öllum. Var á fundum þessum fjallað um helstu vandamál sem þessar greinar eiga við að etja og bornar saman bækur um gang bílasölu undanfarin ár.

Fram kom á fundinum að bílasala hefur gengið vel í fyrra og það sem af er þessu ári alls staðar nema í Finnlandi; þar hefur verið stöðugur samdráttur. Hér á Íslandi hefur salan aukist jafnt og þétt frá því 1975 sem var óvenjuslakt fyrir bílasala eftir metárið 1974. Kom ma. fram að bílum í landinu fjölgaði ekki í heild nema um 95 stykki milli áranna 1974 og '75.

Einnig kom fram að meðalaldur bíla er hæstur í Finnlandi eða 11 ár. Hér á Íslandi er hann rúmlega 9 ár , í Danmörku 8 ár en líðlega 5 ár í Noregi og Svíþjóð.

Af öðrum málum sem rædd voru á fundunum má nefna niðurstöður kjarasamninga sem nýlega hafa verið gerðir á öllum Norðurlöndum, lög um aðild verkafólks að stjórnum fyrirtækja sem sett hafa verið í Svíþjóð, lög um vinnuumhverfi sem sett hafa verið í Noregi, Svíþjóð og Danmörku og eru í undirbúningi hér á landi og lög um jafnrétti kynja. —ÞH

Dýrasýning í Laugardalshöll

Næstkomandi sunnudag, þann 14. ágúst , kl. 2-6, verður dýrasýning í Laugardalshöllinni, — og kennir þar ýmissa grasa.

Þar verða m.a. sýndir 20 kettir, 30-40 hundar, páfagaukar, marsvín, hamstrar, skjaldbökur, dúfur (hojara), hláturdúfur, gullfiskar í búrum og dverghænur.

Sá, sem verður með gullfiskana á sýningunni, mun veita þeim, er þess óska, leiðbeiningar um meðferð og hirðingu slíkra dýra. Þá verða og veittar leiðbeiningar um meðferð páfagauka.

Tilgangurinn með þessari dýrasýningu er tvennskonar: Annarsvegar að afla fjár til dýraspítalans og hinsvegar að kenna fólki að umgangast og fara með þau dýr, sem þarna verða til sýnis.

Baldur Brjánsson, töframaður, mun koma þarna fram og leika listir sínar.

Kynnir á sýningunni verður Gunnar Eyjólfsson, leikari.

Kaffiveitingar verða á staðnum.

Aðgangseyrir fyrir fullorðna verður kr. 600,- en kr. 300,- fyrir börn. —mhg

Herbergi óskast

Herbergi með eða án húsgagna óskast til leigu í eitt ár eða lengur, helst í nágrenni Landsspítalans. Upplýsingar veittar á Rannsóknastofu Háskólans sími 29000 (lína 240).

Vélritari óskast

Óskum að ráða vélritara nú þegar eða um næstu mánaðamót. Góð tungumálakunnátta (enska og danska) nauðsynleg. Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist fyrir 20. þ.m.

Vegagerð ríkisins
Borgartúni 1
Reykjavík.

Íþróttakennarar

Að Grunnskóla Eskifjarðar vantar íþróttakennara pilta og stúlkna. Allar upplýsingar veitir **Trausti Björnsson** skólastj., sími 6182.

SKÓLANEFNDIN.